

EFTIRLITSSKÝRSLA

Becromal Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	1.11.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Becromal	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Krossanesbraut	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902070120	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Urszula Tlodka	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Christopher R. Tucker	Staðsetning	540624,714 578699,611

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti og engar breytingar fyrirhugaðar. Hráefnageymsla fyrir þurrefni var skoðuð og hafa engar breytingar verið gerðar þar frá síðasta eftirliti. Bretti með efnunum til framleiðslunnar stóðu á lekabyttum. Magn þurrefna í hráefnageymslu var innan marka starfsleyfis. 9 kg af kvikasilfri voru geymd í læstum járnkáp við útvegg hráefnisgeymslunnar og er magn þess innan marka starfsleyfis. Stefnt er að því að notkun kvikasilfurs í tækjabúnað framleiðslunnar verði hætt á næstu misserum. Sýrutankar á útisvæði eru vel merktir og frágangur þeirra góður.

Svæðið er afgirt og aðgangur almennings takmarkaður.

Magn ammóníaks í útblæstri var mælt í mars 2016 og voru gildin innan marka starfsleyfis, eða 9,9 ppm en losunarmörkin skv. starfsleyfi eru 10 ppm. Betri mælíbúnaður fyrir ammóníak er í skoðun í samvinnu við Eflu verkfræðistofu. Einfaldur göngumælir hefur verið notaður hingað til til mælingarinnar og greinir hann ekki eins nákvæm mörk og sérhannaðir ammóníaksmælir fyrir útstreymismælingar.

Mælingar á COD og svifögnum voru gerðar í janúar sl. og voru niðurstöður þeirra innan marka starfsleyfis. Mæling á kvikasilfri skv. gr. 3.1 í starfsleyfi var gerð á sama tíma og voru niðurstöður þeirrar mælingar einnig vel innan marka starfsleyfis. Niðurstöður pH mælinga í frárennsli hafa allar verið innan marka starfsleyfis frá síðasta eftirliti. Þær eru sendar eftirlitsaðila mánaðarlega.

Öll úrgangs spilliefni fara til Hringrásar og eru þau geymd í gámi fyrir utan verksmiðjuna. Gámurinn er læstur og er umgengnin þar mjög góð. Umgengni á flokkunarsvæði úrgangs, á bak við verksmiðjuna er einnig mjög góð og allt í sérmerktum körum. Kvittanir vegna móttöku úrgangs voru til staðar í eftirlitinu.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað til eftirlitsaðila á réttum tíma.

Rekstraraðili hefur uppfyllt ISO14001 umhverfisstaðalinn og er næsta úttekt fyrirhuguð í mars/apríl 2017 en nánari dagsetning liggur ekki fyrir.

Þjálfun starfsmanna er vel sett upp og utanumhald gott. Ítarleg starfsmannahandbók er til staðar þar sem tekið er á öllum þáttum er varða framleiðsuna, umgengni við spilliefni, öryggi og annað sem starfsmenn þurfa að kunna skil á. Í gangi er námskeið fyrir alla starfsmenn þar sem farið er ýtarlega yfir handbókina og því sem henni við kemur. Öryggisblöð eru til staðar, bæði á íslensku og á ensku.

Engar kvartanir eða óhöpp hafa komið upp frá því í síðasta eftirliti, hvorki til rekstraraðila, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra né eftirlitsaðila.

Gengið var um verksmiðjuna og útisvæði. Var það snyrtilegt og vel við haldið.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ


Minnt er á að boða skal næst til samráðsfundar árið 2018

Rotþró er staðsett vestan við verksmiðjuhúsið og þjónustar hún vesturhluta hússins, rannsóknarstofu, salernum og verkstæði. Rotþróin er í eigu Norðurorku sem sér um að þjónusta hana. Rotþróin stendur nær öll ofanjarðar og er rekstraraðila bent á að hafa samband við þjónustuaðila og biðja um að gengi verði frá jarðvegi í kringum þróna og mokað að henni.

Viðstödd eftirlitið voru einnig Rúnar Sigurpálsson og Þórdís Huld Vignisdóttir frá Becromal og María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.11.2016



Guðbjörg Stella Árnadóttir